

Nefndarálit æskulýðsnefndar

Landsþing LH 2024

Þingskjal nr. 18

Flytjandi Stjórn LH

Lagt fyrir Alsherjarnefnd og Æskulýðsnefnd

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um Mótahald á Íslandi, íslenskar sérreglur um keppni. Við reglugerðina bætist ný grein sem verður gr. 5.7 og hljóðar svo:

5.7 Viðbrögð við slysum og óhöppum á mótssvæði

Mótshöldurum ber að framfylgja viðbragðsáætlun Landssambands hestamannafélaga.

Viðbragðsáætlun tekur til hverskyns slysa eða óhappa sem gerast á meðan á móti stendur.

Mótsstjórn skipar öryggisfulltrúa sem hefur yfirumsjón með atvikum sem upp koma og skal mótstjórn og/eða yfirdómari tilkynna öryggisfulltrúa um slys og óhöpp.

Sjá fylgiskjal: Viðbragðsáætlun fyrir mótahald Landssambands hestamannafélaga

Greinargerð:

Lagt er til að í öllu mótahaldi á vegum LH sé í gildi viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa.

Viðbragðsáætlun er ætlað að skýra ábyrgð mótshaldara að bregðast við slysum og óhöppum sem verða á mótum, og að rétt sé staðið að málum.

Dæmi eru um að alvarleg fallslys hafi orðið á móti þar sem ekki var brugðist rétt við og kallaðir til viðbragðsaðilar en slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Afgreiðsla Æskulýðsnefndar:

Nefndarfolk fagnaði tillögunni og ræddi um hvernig best væri að koma þessu í framkvæmd á mótum.

Nefndin sammála því að skylt verði að hafa öryggisfulltrúa á stórmótum og þá í mótsstjórn, mót væru þá ekki lögleg nema öryggisfulltrúi væri útnefndur. Öryggisfulltrúi gæti einnig sinnt öðrum störfum á mótinu, þarf ekki að vera eingöngu í þessu hlutverki. Hægt væri að taka þetta til profu á næstu tveim árum og taka þetta svo í lög um mótahald á næsta Landsþingi.

Í þessu samhengi voru öryggismál einnig rædd og vildi nefndin skora á stjórn LH að Landssambandið skori á stjórnvöld að afnema virðisaukaskatti af öryggisbúnaði. Einnig lagt til að öryggisvesti verði lögleidd í skeiðkappreiðum. Tryggingamál voru einnig rædd, eru félagin eða viðburðurinn tryggður fyrir slysum, gæti Landssambandið beitt sér fyrir hóprzyggingum fyrir

félögin í landinu, eru félög almennt með tryggingar á viðburðum eða hvernig er þessum málum almennt háttað.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 33

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir
Lagt fyrir Alsherjarnefnd og Æskulýðsnefnd

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að stjórn sendi áskorun til dómarafélaganna varðandi það að aukinnar nærgætni sé gætt þegar áverkaskoðun á sér stað og að foreldrar verða kallaðir til þegar dæma þarf börn úr leik vegna áverka.

Greinargerð:

Komið hafa upp atvik þar sem upplifun knapa af tilkynningum frá dómara þegar dæmt er úr leik sé ekki nægilega faglega framkvæmd. Mikilvægt er að sýna nærgætni í allri orðræðu í og við keppnisvöll.

Afgreiðsla Æskulýðsnefndar:

Nefndin leggur til breytt verklag, eins og tíðkast á sumum mótum, að ástandsskoðun í barna- og unglingsaflokki verði staðsett annars staðar en inná vellinum fyrir allra augum og jafnvel í beinni útsendingu. Ef upp koma tilvik að knapi/hestur standist ekki skoðun verði foreldri / forráðamaður kallaður til og sé þá með barninu við úrskurð að hestur sé dæmdur úr leik.

Lagt til að þetta sé sett í lög fyrir stórmót en á öðrum mótum sé hvatt til þess að þetta sé gert.

Nefndin skora á dómarafélögin að taka fyrir á upprifjunarnámskeiðum að hafa í huga að aðgát sé höfð í nærveru sálar og að huga að því að fá inn fyrirlestur frá íþróttasálfræðing þar sem fjallað yrði um nærgætni.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt

Þingskjal nr. 35

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir Æskulýðsnefnd

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að sérstök áhersla verði lögð á umfjöllun um Æskulýðsstarf hestamannafélaga allt í kringum landið á næstu tveimur árum.

Greinargerð:

Í hestamannafélögum um allt land er gríðarlega öflugt Æskulýðsstarf sem hægt væri að gera hærra undir höfði með reglulegri umfjöllun. Eins væri gaman að æskulýðsnefnd LH sé betur tengd æskulýðsstarfi félaganna.

Afgreiðsla Æskulýðsnefndar:

Undir afgreiðslu þessarar tillögu komu fram ótal hugmyndir sem Æskulýðsnefnd LH getur tekið í veganestið fyrir næstu ár.

Það komu fram tillögur að félögin bjóði öðrum félögum heim, kallað var eftir fundargerðum æskulýðsnefndar LH og fundarferð æskulýðsnefndar LH um landið. Haldin verði ráðstefna eins og haldin var fyrir hrun, þar hittust æskulýðsfulltrúar af öllu landinu, fengu fræðslu og deildu hugmyndum. Einnig rætt um hugmynd frá barna og unglingaráði Spretts um að öll félög stofni barna og unglingaráð og að þessi ráð gætu hist og jafnvel skipulagt viðburði.

Fram kom áskorun á stjórn LH að æskulýðsnefnd fái ákveðið fjármagn árlega til að skipuleggja viðburði sem hafa það að markmiði að tengjast æskulýðsnefndum félaganna. Einnig kom hugmynd að hluti af afrekssjóði fari til æskulýðsnefndar, hvar byrjar afreksstarfið annars staðar en í grasrótinni eða æskulýðsstarfinu.

Fólk saknaði þess að æskulýðsnefnd hefði ekki verið með í fundarferð stjórnar LH.

Fjölmiðlafulltrúi LH gæti verið meira í samskiptum við félögin og kallað eftir upplýsingum um hvað félögin eru að fást við og birt efni af því á vef LH.

Má benda á í þessu samhengi að flestir frambjóðendur til stjórnar hafa æskulýðsmál sem eitt af þeim málefnum sem þau brenna fyrir og svo hefur verið í gegnum tíðina en einhvern veginn virðist verða lítið um efndir eftir kosningar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.